

Að afplánun lokinni:

Eftir afplánun geta fangar átt rétt á fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi. Þeir geta jafnframt sótt um sérstakar húsaleigubætur, húsbúnaðarstyrk sem og félagslegt húsnæði. Hér á eftir verður gert grein fyrir hvar hægt er að nálgast þessar upplýsingar í nokkrum stærstu sveitarfélögum landsins. Jafnframt er hægt að hafa samband við félagsráðgjafa Fangelismálastofnunar til að fá frekari upplýsingar fyrir hvert sveitarfélags fyrir sig. Að lokum verður gert grein fyrir nokkrum úrræðum sem í boði eru á Íslandi.

Sveitarfélög:

Reykjavík:

Fjárhagsaðstoð:

http://reykjavik.is/PortalData/1/Resources//skjol/rafraen_reykjavik/umsoknir_pdf/umsokn_um_fjarhagsadstod.pdf

Umsókn um leiguíbúð og sérstakar húsaleigubætur:

http://reykjavik.is/PortalData/1/Resources//skjol/rafraen_reykjavik/umsoknir_pdf/Umsokn_um_leiguibud-serstakar_husaleigubætur.pdf

Húsaleigubætur:

http://www.rvk.is/PortalData/1/Resources//skjol/rafraen_reykjavik/umsoknir_pdf/H%c3%basaleigub%c3%a6tur.pdf

Ekkert sérstakt eyðublað er til að sækja um húsbúnaðarstyrk en hægt er að skrifa bréf og tilgreina þar ástæðu fyrir umsókninni og hvaða helstu munir það eru sem óskað er eftir að fá styrk fyrir.

Umsóknina verður svo að senda á viðeigandi þjónustumiðstöð. Þjónustumiðstöðvarnar eru í hverju hverfi Reykjavíkurborgar og verður að senda á þá þjónustumiðstöð sem hæfir lögheimili. Þjónustumiðstöðvarnar eru sex talsins:

- Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-1341/
- Þjónustumiðstöð Breiðholts
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-1342/
- Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-1343/
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-1344/
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-1345/
- Þjónustumiðstöð Vesturbæjar
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3321/5336_view-1346/

Á öllum þjónustumiðstöðvum er hægt að óska eftir viðtali við félagsráðgjafa sem geta aðstoðað við að sækja um styrki, jafnframt er hægt að hafa samband við félagsráðgjafa ef óskað er eftir félagslegri ráðgjöf.

Á síðunni rafræn Reykjavík er hægt að nálgast fleiri eyðublöð

<http://rafraen.reykjavik.is/pages/>

Íþróttafélagið Valur býður upp á virknisetur á Hlíðarenda þar sem félagið opnar mannvirki sín fyrir almenningi. Ókeypis heilsurækt á Hlíðarenda – allir velkomnir. Einkapjálfi er á staðnum fólki að kostnaðarlausu. Mánu-, þriðju-, fimmtu- og föstudaga er opið í líkamsræktarsal frá klukkan 9 – 12. Ekki eru hlaupabretti á staðnum, en fólki bent á að hita upp í sal á efri hæð eða úti áður en tekist er við lóð og æfingar. Á miðvikudögum kl. 9 fer gönguhópur um Öskjuhlíð og nágrenni. Íþróttasalir eru opnir fyrir boltaíþróttir (t.d. fótbolta eða körfubolta) kl. 13 – 15 á þriðju-, miðviku- og föstudögum. Stöðvapjálfun er fram í sölnum á mánu- og miðvikudögum kl. 13 – 15.

Fyrir frekar upplýsingar er hægt að hringja í Hall K. Ásgeirsson í síma 848-8842 eða í síma 414-8000. Jafnframt er hægt að fara inn á heimasíðu Vals, www.valur.is eða senda tölvupóst á netfangið valur@valur.is.

Kópavogur

Fjárhagsaðstoð:

Panta þarf viðtal hjá ráðgjafa félagsþjónustunnar í Kópavoginum í síma 570-1500. Gott er að hafa eftirfarandi gögn þegar komið er í viðtal til að flýta fyrir umsóknarferlinu:

1. Tekjuseðlar (laun/bætur) fyrir síðustu 2 mánuði.
2. Nýjasta skattframtalið og álagningarseðil.
3. Skráning í Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins eða læknisvottorð um óvinnufærni.
4. Önnur gögn eða gjöld sem við geta átt, s.s. yfirlit yfir greiðsluþjónustu.
5. Dvalarleyfisskírteini frá Útlendingastofnun hafi umsækjandi erlent ríkisfang.

Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda.

Sjá einnig

http://kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=146&Itemid=239

Félagslegt húsnæði:

Til að eiga rétt á félagslegu húsnæði hjá Kópavogsbæ þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Hafa átt lögheimili og aðsetur í Kópavogi a.m.k. í 6 mánuði áður en umsókn berst Félagsþjónustunni.
- Má ekki eiga fasteign í neinu því formi sem jafna má til íbúðarhúsnæðis.
- Vera innan tekju- og eignamarka sem eru:
Tekjumörk einstaklings..... kr. 3.610.000,-
Tekjumörk hjóna og sambúðarfólks..... kr. 5.055.000,-
Fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem
býr á heimilinu bætast síðan við..... kr. 604.000,-
Eignamörkin eru..... kr. 3.897.000,-

Verði breyting á félagsaðstæðum leigjenda t.d. hjúskaparstöðu, fjölskyldustærð eða fjárhagsstöðu, getur það leitt til þess að réttur til leigu verði endurskoðaður.

Umsókn skal berast til þjónustufulltrúa í ráðgjafa- og húsnæðisdeild.

Umsóknareyðublaðið er hægt að nálgast hér

http://www.kopavogur.is/files/felagsthjonusta/Eydublad_umsokn_leiguibud_2010.pdf

Með umsókninni skal fylgja ljósrit af launa- og/eða bótaseðlum heimilisfólks fyrir síðustu þrjá mánuði, ljósrit af síðasta skattframtali og ef við á örorkuvottorð.

Sjá einnig

http://kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=143&Itemid=239

Húsaleigubætur:

Hægt er að nálgast eyðublað fyrir húsaleigubætur hér

<http://www.kopavogur.is/files/felagsthjonusta/ums-husbot.pdf>

Uppfylla þarf eftirtalin skilyrði til að eiga rétt á húsaleigubótum:

- Íbúðarhúsnæðið skal vera skilgreint sem íbúðarhúsnæði hjá byggingafulltrúa.
- Íbúðarhúsnæðið verður að vera a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu. Ekki eru greiddar húsaleigubætur vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum.

Undanþegnir ofangreindu eru fatlaðir einstaklingar á sambýlum og námsmenn á framhalds- og háskólastigi sem leigja herbergi á heimavist eða á stúdentagörðum.

Eftirtalin gögn verða að fylgja umsókninni

- Afrit af síðasta skattframtali staðfest af skattstjóra.
- Launaseðlar þriggja síðustu mánaða allra heimilismanna.
- Frumrit þinglýsts leigusamnings á staðfestu samningseyðublaði félagsmálaráðuneytis eða Íbúðalánasjóðs. Þetta ákvæði á ekki við um félagslegar leiguíbúðir.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjanda sem eru eldri en 20 ára og stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.
- Staðfesting á lögheimili í íbúð frá Hagstofu Íslands eða útprentað úr þjóðskrá.

Ath. umsókn er ekki afgreidd fyrr en öll fylgigögn hafa borist.

Sjá einnig:

http://kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=144&Itemid=239

Sérstakar húsaleigubætur:

Ekki þarf að sækja sérstaklega um sérstakar húsaleigubætur heldur greiðast þær með almennum húsaleigubótum ef einstaklingar eru undir ákveðnum tekjumörkum. Aðeins þarf að fylla út eyðublað um almennar húsaleigubætur og koma sérstakar húsaleigubætur með ef viðkomandi á rétt á þeim.

Allar umsóknir verður að senda á:

Félagsþjónusta Kópavogs

Fannborg 4

200 Kópavogur

Húsbúnaðarstyrkur:

Til að sækja um húsbúnaðarstyrk verður að panta viðtal hjá félagsráðgjafa í síma 570-1500. Skila verður inn tekjuupplýsingum, það er launa- og/eða bótaseðlum síðustu þriggja mánaða og síðasta skattframtali.

Húsbúnaðarstyrk/lán má veita í eftirfarandi tilvikum:

- Eignalausum einstaklingi sem er/á undir viðmiðunarmörkum og sem er að hefja búskap eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun. Hámarksupphæð er kr.100.000,-
- Einstaklingi sem er að flytja á sambylí eða sértækt búsetuúrræði.
- Hámarksupphæð er kr. 80.000,-.
- Eignalausum einstaklingi sem er að hefja búskap í fyrsta sinn og á við mikla félagslega erfðleika að etja og er með tekjur á/undir viðmiðunarmörkum.
- Hámarksupphæð er kr. 100.000,-.

Húsbúnaðarstyrkur greiðist aðeins í eitt skipti.

Sé óskað eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að biðja um viðtal við félagsráðgjafa í síma 570-1500.

Bæjarráð Kópavogs greiðir fyrir sex mánaða bókasafnskort og sömuleiðis þriggja mánaða kort til að stunda líkamsrækt, hvort heldur er í sundlaugum bæjarins eða líkamræktarmiðstöðvum, fyrir Kópavogsbúa sem eru á atvinnuleysisbótum og ekki njóta samsvarandi styrkja frá stéttarfélagi. Kortin eru afhent á skrifstofu Bæjarráðsins gegn framvísun persónuskilríkja og síðasta launaseðils frá Vinnumálastofnun.

Hafnarfjörður

Fjárhagsaðstoð:

Til að sækja um fjárhagsaðstoð þarf að panta tíma hjá félagsráðgjafa í síma 585-5700 eða senda tölvupóst á netfangið felagsmal@hafnarfjordur.is. Jafnframt er hægt að skrá sig inn á íbúagáttina og senda inn umsókn þar. Íbúagáttin er rafræn þjónusta þar sem íbúar Hafnarfjarðarbæjar eignast sína eigin síðu og hafa þar aðgang að sínum málum hjá Hafnarfjarðarbæ. Hægt er að skrá sig inn á íbúagáttina hér <http://hafnarfjordur.is/>

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd. Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa tilskildum gögnum frá vinnumiðlun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa greiðsluseðli frá atvinnuleysistryggingasjóði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Félagslegt húsnæði:

Til að sækja um félagslegt núsnaði þarf að panta viðtal hjá félagsráðgjafa í síma 585-5700 eða senda tölvupóst á netfangið felagsmal@hafnarfjordur.is. Starfandi er húsnæðisteymi sem sér um úthlutanir á félagslegu húsnæði bæjarins. Lagt er mat á þarfir umsækjenda fyrir íbúð.

Umsóknir um leiguhúsnæði skal leggja fram hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði. Með umsókn skal fylgja afrit af síðustu skattaskýrslu, launaseðlum síðustu sex mánaða, skráningarkort frá atvinnumiðlun eða yfirlitsseðill frá Tryggingastofnun ríkisins ef því er að skipta. Þá skal umsækjandi leggja fram læknisvottorð eða önnur þau vottorð er mál hans kann

að varða. Umsókn um leiguíbúð skal endurnýjuð árlega, að öðrum kosti falla umsækjendur út af biðlista.

Húsaleigubætur:

Hægt er að nálgast umsóknareyðublað hér

http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-eydublod/Eydublad_Husaleigubaetur.pdf

Þar er jafnframt hægt að sjá hvaða gögn verða að fylgja umsókninni. Boðið er upp á símatíma vegan almennra húsaleigubóta. Svava Friðjónsdóttir er með símatíma alla virka daga kl. 13.15 – 14.15 og Steinhildur Sigurðardóttir er með símatíma alla virka daga nema mánudaga kl. 9.00 – 9.30.

Umsókn sendist á:

Félagsþjónusta Hafnarfjarðar

Strandgata 6

220 Hafnarfjörður

Sérstakar húsaleigubætur:

Til að sækja um sérstakar húsaleigubætur verður að panta viðtal hjá félagsráðgjafa í síma 585-5700 eða senda tölvupóst á netfangið felagsmal@hafnarfjordur.is. Hægt er að sækja um sérstakar húsaleigubætur á meðan beðið er eftir félagslegu húsnæði.

Húsbúnaðarstyrkur:

Til að sækja um húsbúnaðarstyrk verður að panta viðtal hjá félagsráðgjafa í síma 585-5700 eða senda tölvupóst á netfangið felagsmal@hafnarfjordur.is. Upplýsingar um tekjur það er ljósrit af skattframtali og launa- og/eða bótaseðlar síðustu þriggja mánaða.

Fangar sem ekki hafa lokið afplánun geta haft samband við sinn félagsráðgjafa í gegnum síma. Ef þeir hafa ekki verið með félagsráðgjafa áður en þeir hófu afplánun geta þeir haft samband við afgreiðsluna í síma 585-5700 sem annað hvort bendir á símatíma eða tekur skilaboð þar sem verður hringt aftur. Jafnframt er hægt að óska eftir félagslegri ráðgjöf í gegnum sama símanúmer.

Bæjarráð Hafnarfjarðar veitir fólki með lögheimili í Hafnarfirði, sem er í atvinnuleit, frían aðgang að sundstöðum bæjarins og Bókasafni Hafnarfjarðar í 6 mánuði í senn. Gert er ráð fyrir að hægt sé að endurnýja kortin að 6 mánuðum liðnum ef viðkomandi er enn án atvinnu. Sótt er um kortin í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar á 1.hæð Ráðhússins, Strandgötu 6.

Garðabær

Fjárhagsaðstoð:

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá fjölskyldu- og heilbrigðissviði á bæjarskrifstofum Garðabæjar. Þanta þarf viðtal hjá félagsráðgjafa í síma 525-8500 og óska eftir viðtali vegna fjárhagsaðstoðar. Gott er að hafa eftirfarandi gögn með í viðtalið til að flýta fyrir ferlinu

- Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs
- Yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka/sambúðaraðila þann mánuð sem umsókn er lögð fram og undangengna 2 mánuði, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun og meðlög.
- Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.
- Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dapeningavottorði.
- Umsækjandi skal vera virkur í atvinnuleit í samræmi við kröfur vinnumiðlunar til atvinnuleysisbótaþega.
- Falli niður skráning hjá vinnumiðlun missir umsækjandi rétt sinn til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

Félagslegt húsnæði:

Umsóknareyðublað til að sækja um félagslegt húsnæði er hægt að nálgast hér

<http://gardabaer.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98000>

Það sem þarf að fylgja umsókninni er eftirfarandi

- Vottorð um lögheimili/fjölskylduvottorð.
- Staðfest ljósrit af skattframtali umsækjanda og fjölskyldu hans sl. 3 ár.
- Launaseðlar sl. 3ja mánaða.
- Yfirlit yfir skattskyldar tekjur TR.

- Yfirlit yfir lífeyrissjóðsgreiðslu.
- Greiðsluseðlar vegna atvinnuleysisbóta.
- Læknisvottorð ef við á.

Allar umsóknir sendist á
Félagsþjónustu Garðabæjar
Garðatorg 7
210 Garðabær

Húsaleigubætur:

Umsóknareyðublað til að sækja um húsaleigubætur er hægt að nálgast hér

<http://gardabaer.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=38318>

Það sem þarf að fylgja umsókninni er eftirfarandi:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði.
- Staðfest afrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni fyrir síðasta skattaár.
- Launaseðlar þeirra er í íbúðinni búa fyrir þrjá síðustu mánuði eða upplýsingar umreiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjenda / ungmenna 20 ára og eldri sem búa á heimilinu.

Allar umsóknir sendist á
Félagsþjónustu Garðabæjar
Garðatorg 7
210 Garðabær

Sérstakar húsaleigubætur

Ekki er boðið upp á sérstakar húsaleigubætur

Húsbúnaðarstyrkur

Hægt er að sækja um styrk til heimilisstofnunar sem nemur að hámarki grunnaðstoð til einstaklings hafi hann fengið fjárhagsaðstoð a.m.k. síðustu 3 mánuði. Þanta þarf viðtal við félagsráðgjafa í síma 525-8500. Jafnframt er hægt að óska eftir félagslegri ráðgjöf í gegnum sama símanúmer.

Seltjarnarnes

Fjárhagsaðstoð:

Til að sækja um fjárhagsaðstoð verður að panta tíma hjá félagsráðgjafa í síma 595-9130.

Gott er að hafa eftirtalin gögn með í viðtalið til að flýta fyrir umsókninni:

1. Tekjuseðlar (laun/bætur) fyrir síðustu 2 mánuði.
2. Nýjasta skattframtal og álagningarseðill.
3. Skráning í Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins eða læknisvottorð um óvinnufærni.
4. Önnur gögn eða gjöld sem við geta átt, s.s. yfirlit yfir greiðsluþjónustu.

Umsóknin þarf að vera undirskrifuð af umsækjanda, ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða verður umsóknin að vera undirrituð af báðum aðilum.

Félagslegt húsnæði:

Seltjarnarnesbær á nokkrar leiguíbúðir, íbúðirnar eru yfirleitt leigðar út í skemmri tíma meðan unnið er að varanlegri lausn á húsnæðisvanda fjölskyldna. Til að sækja um félagslegt húsnæði verður að panta tíma hjá félagsráðgjafa í síma 595-9130.

Húsaleigubætur:

Umsóknareyðublað fyrir húsaleigubætur er hægt að nálgast hér

http://www.seltjarnarnes.is/media/felagsthjonustusvid/eydublod/husaleigub_-_eydublad_2001_juli_4_utgl.pdf

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókninni og verður hún ekki afgreidd fyrr en öll gögn hafa borist

- Afrit af síðasta skattframtali staðfest af skattstjóra.
- Launaseðlar þriggja síðustu mánaða allra heimilismanna.
- Frumrit þinglýsts leigusamnings á staðfestu samningseyðublaði félagsmálaráðuneytis eða Íbúðarlánasjóðs. Þetta ákvæði á ekki við um félagslegar leiguíbúðir.

- Staðfesting skóla um nám barna umsækjanda sem eru eldri en 20 ára og stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.
- Staðfesting á lögheimili í íbúð frá Hagstofu Íslands eða útprentað úr þjóðskrá.

Umsókn sendist á:

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar

Austurströnd 2

170 Seltjarnarnes

Sérstakar húsaleigubætur:

Ekki er boðið upp á sérstakar húsaleigubætur

Húsbúnaðarstyrkur

Til að sækja um húsbúnaðarstyrk verður að óska eftir viðtali við félagsráðgjafa í síma 595-9130. Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- Til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- Til ungs fólks á aldrinum 18 - 24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- Til einstaklinga sem eru að flytja á sambylí eða í þjónustuíbúðakjarna á vegum Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra, og eru eignalausir, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð.
- Viðmiðunarmörk aðstoðar samkvæmt a. og b. lið eru 100.000 kr. en c. lið 40.000 kr.
- Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Ef óskað er eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að panta viðtal við félagsráðgjafa í síma 595-9130.

Þeim íbúum Seltjarnarnes sem misst hafa vinnu mun standa til boða að stunda líkamsrækt í World Class þeim að kostnaðarlausu. Eins er boðið upp á þriggja mánaða ókeypis kort í bókasafni Seltjarnarness og sundkort í sundlaug Seltjarnarnes. Þjónustan er háð því að stéttarfélag viðkomandi bjóði ekki upp á sambærileg úrræði. Hægt er að sækja um þessi þjónustukort á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar – www.seltjarnarnes.is

Mosfellsbær

Fjárhagsaðstoð:

Hægt er að sækja um fjárhagsaðstoð með rafrænni umsókn og er það gert með því að skrá sig inn á íbúagáttina og sækja um þar. Hér

<https://ibuagatt.mosfellsbaer.is/oneportal/login.aspx> er hægt að skrá sig inn á íbúagáttina.

Þau gögn sem þurfa að fylgja umsókninni eru:

- Staðfesting vinnumiðlunar ef umsækjandi er atvinnulaus að fullu eða hluta. Umsækjandi í hlutastarfi skal óska eftir fullu starfi, nema sérstakar aðstæður mæli gegn því eins og veikindi eða sérstaklega erfiðar félagslegar aðstæður. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá vinnumiðlun missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.
Hafi umsækjandi ekki fengið að skrá sig á vinnumiðlun vegna þess að hann er ekki í virkri atvinnuleit á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.
Umsækjandi sem eru óvinnufær skal framvísa gildu vottorði sérfræðings með hverri umsókn. Í sérstökum tilfellum og við endurnýjun umsóknar getur félagsráðgjafi aflað þessara gagna skriflega eða með símtali við sérfræðing með samþykki umsækjanda.
- Tekjuyfirlit, sem sýnir mánaðarlegar tekjur og gjöld umsækjenda. Staðfest afrit síðasta skattframtals, afrit launaseðla síðustu þriggja mánaða, yfirlit yfir bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, barnabætur og afrit síðasta álagningaseðils.
- Áætlun sem er gerð í samvinnu við félagsráðgjafa með það að markmiði að vinna bug á aðsteðjandi vanda, hafi umsækjandi þegið fjárhagsaðstoð í fjórar vikur

Félagslegt húsnæði:

Best er að skrá sig inn á íbúagáttina til að sækja um félagslegt húsnæði

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókninni

1. Staðfest afrit af síðasta skattframtali og álagningaseðli umsækjanda og fjölskyldu hans
2. Vottorð um lögheimili og fjölskyldustærð.
3. Eftirtalin gögn eftir því sem við á sbr. umsóknareyðublað:

- Vottorð frá heilbrigðisfulltrúa ef umsækjandi býr í heilsuspillandi húsnæði.
- Læknisvottorð, ef alvarleg veikindi eru í fjölskyldunni.
- Vottorð um örorku.
- Vottorð um þungun.
- Gögn um lögskilnað, skilnað að borði og sæng eða sambúðarslit.
- Staðfesting skóla um fullt nám barna umsækjanda 18 – 20 ára.

Umsókn fellur úr gildi ef umbeðin gögn berast ekki innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar. Í tilvikum þar sem umsækjanda er úthlutað íbúð sem hann þiggur ekki án haldbærra raka, fellur umsókn hans úr gildi.

Húsaleigubætur

Hægt að sækja um í gegnum íbúagáttina. Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings sem gerður er á staðfest eyðublað félagsmálaráðuneytis eða Íbúðalánasjóðs og undirritaður af báðum aðilum.
- Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra
- Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. fyrir þrjá síðustu mánuði og/eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
- Staðfesting skóla um nám þeirra sem tilgreindir eru í 2. tölul. og eru 20 ára eða eldri og stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu
- Íbúavottorð Þjóðskrár fyrir viðkomandi íbúð, hafi viðkomandi sveitarfélag ekki beinan aðgang að þjóðskrá

Sérstakar húsaleigubætur

Hægt að sækja um í gegnum íbúagáttina

Skilyrði fyrir sérstökum húsaleigubótum eru:

- Umsækjandi hafi ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- Umsækjandi uppfylli öll skilyrði um almennar húsaleigubætur og hafi sótt um þær.
- Umsækjandi eigi lögheimili í Mosfellsbæ þegar sótt er um og hafi átt það samfelld síðastliðna 12 mánuði.

- Tekjur: Miðað skal við tekjur síðasta árs samkvæmt staðfestu skattframtali og til hliðsjónar tekjur síðastliðinna þriggja mánaða. Með tekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks og barna 18 ára og eldri sem búa á heimilinu, þó ekki barna húsráðenda sem eru á aldrinum 18-20 ára ef þau stunda fullt nám í framhaldsskóla, enda sé námið staðfest af skóla. Starfsmaður skal, ef þörf krefur afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingasjóði.
- Eignir og tekjur umsækjanda miðast við eftirfarandi hámarksupphæðir: Eignarmörk eru kr. 2.899.000. Tekjumörk eru kr. 2.056.404 fyrir einstakling en kr. 2.933.701 fyrir hjón og sambúðarfólk, auk þess kr. 329.112 fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára.
- Sérstakar húsaleigubætur samkvæmt þessum lið skulu einungis veittar í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar og í tengslum við úrræði annarra stofnana samfélagsins.
- Vegna mjög sérstakra aðstæðna er heimilt að víkja frá ákvæðum d) og e) liða. Þá er einnig heimilt við slíkar aðstæður að víkja frá ákvæðum um búsetu í leiguhúsnaði á almennum markaði.

Húsbúnaðarstyrkur

Sá sem átt hefur rétt á fjárhagsaðstoð a.m.k. síðustu 3 mánuði getur átt rétt á húsbúnaðarstyrki en hámark upphæðar er 80.000kr. sem veitist aðeins einu sinni. Til að sækja um slíkan styrk þarf að panta viðtal við félagsráðgjafa í síma 525-6700. Jafnframt er hægt að óska eftir félagslegri ráðgjöf í sama númeri. Frekari upplýsingar um félagslega ráðgjöf má finna hér:

<http://mos.is/Velferd/Felagslegradgjofhusnaedisogfjarhagsadstod/Felagslegradgjof/>

Fólk í atvinnuleit með lögheimili í Mosfellsbæ fær frían aðgang að sundstöðum bæjarins, sundlauginni að Lágafelli og Varmá. Sækja skal um sundkortin í gegnum íbúagátt. Umsókninni verður að fylgja mynd og afrit af staðfestingu Vinnumálastofnunar á því að viðkomandi sé í atvinnuleit. Sundkortin gilda í þrjá mánuði í senn. Nánari upplýsingar veitir þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700 eða í gegnum netfangið mos@mos.is.

Reykjanesbær

Fjárhagsaðstoð:

Hægt er að skrá sig inn á “mitt reykjanes” en þar er hægt að sækja um fjárhagsaðstoð.

Hér <https://mittreykjanes.is/web/index.html> er hægt að komast inn á mitt reykjanes. Gögn sem þurfa að fylgja eru:

- Persónuskilríki
- Launaseðlar 3. síðustu mánaða áður en umsókn er lögð fram
- Yfirlit yfir tryggingabætur, lífeyrissjóðsgreiðslur, atvinnuleysisbætur ef við á
- Læknisvottorð ef við á
- Skattaframtal
- Álagningarseðill
- Skattkort og um viðskiptabanka, höfuðbók og reikningsnúmer

Félagslegt húsnæði:

Hér

[http://reykjanesbaer.is/upload/files/UMSÓKN%20UM%20félagslega%20leiguíbúð%202011\(1\).pdf](http://reykjanesbaer.is/upload/files/UMSÓKN%20UM%20félagslega%20leiguíbúð%202011(1).pdf) er hægt að nálgast umsókn fyrir félagslegt húsnæði.

Þau gögn sem þurfa að fylgja með eru:

- Vottorð um lögheimili.
- Skattaskýrslur síðustu 2 ára.
- Launaseðlar síðustu 3 mánuði.
- Vottorð frá lækni, ef um alvarleg veikindi er um að ræða.
- Gögn um lögskilnað eða sambúðarslit.

Umsókn á að senda til húsnæðisfulltrúa félagsþjónustu Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12

230 Reykjanesbær

Jafnframt er hægt að sækja um á mitt reykjanes,

<https://mittreykjanes.is/web/index.html>

Húsaleigubætur:

Hér

[http://www.reykjanesbaer.is/upload/files/UMSÓKN%20UM%20HÚSALEIGUBÆTUR%202011\(1\).pdf](http://www.reykjanesbaer.is/upload/files/UMSÓKN%20UM%20HÚSALEIGUBÆTUR%202011(1).pdf) er hægt að nálgast umsóknareyðublað til að sækja um húsaleigubætur.

Þau gögn sem þurfa að fylgja umsókninni eru:

- Afrit af síðasta skattframtali staðfest af skattstjóra, staðgreiðslufirlit RSK.
- Launaseðlar þriggja síðustu mánaða allra heimilismanna
- Frumrit þinglýsts leigusamnings á staðfestu samningseyðublaði félagsmálaráðuneytis eða Íbúðarlánasjóðs. Þetta ákvæði á ekki við um félagslegar leiguíbúðir.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjanda sem eru eldri en 20 ára og stunda nám í sex mánuði eða lengur á árinu
- Staðfesting á lögheimili í íbúð frá Hagstofu Íslands eða útprentað úr þjóðskrá

Umsóknin verður ekki afgreidd nema öll gögnin fylgi, sækja þarf um fyrir 15. dag fyrsta greiðslumánaðar.

Umsókn á að senda til húsnæðisfulltrúa félagsþjónustu Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12

230 Reykjanesbær

Jafnframt er hægt að sækja um á mitt reykjanes,

<https://mittreykjanes.is/web/index.html>

Sérstakar húsaleigubætur:

Sé óskað eftir að fá sérstakar húsaleigubætur skal panta viðtal við félagsráðgjafa í síma 421 6700., Uppfylla þarf öll skilyrði almennra húsaleigubóta en að auki þarf umsækjandi að hafa átt lögheimili í a.m.k. þrjú ár í Reykjanesbæ frá því að umsókn er lögð fram.

Húsbúnaðarstyrkur

Ekki er boðið upp á húsbúnaðarstyrk

Sé óskað eftir viðtali vegna félagslegrar aðstoðar skal panta viðtal í síma 421-6700.

Garður – Sandgerði – Vogar

Fjárhagsaðstoð:

Hér <http://sv-gardur.is/THjonusta/Felagsthjonusta/Eydublod/> er hægt að nálgast eyðublöð til að sækja um fjárhagsaðstoð. Þau gögn sem þurfa að fylgja eru:

- staðfest afrit af skattframtali
- launaseðlar síðustu þriggja mánaða, eða yfirlit frá atvinnuleysistryggingum, og/ eða yfirlit yfir aðrar tekjur fjölskyldumeðlima

Umsókn sendist á félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga

Miðnestorg 3

245 Sandgerði

Félagslegt húsnæði og sérstakar húsleigubætur:

Sama eyðublað gildir fyrir félagslegt húsnæði og sérstakar húsleigubætur sem hægt er að nálgast hér <http://sandgerdi.is/THjonusta/Felagsthjonusta/Eydublod/>

Gögn sem þurfa að fylgja eru:

- Staðfest afrit af 3 síðustu skattframtölum
- Launaseðlar umsækjenda og þeirra sem með þeim búa fyrir sex síðustu mánuði eða staðfesting á reiknuðu endurgjaldi
- Síðasti greiðsluseðill allra lána, jafnframt yfirlit yfir raðgreiðslur og yfirdrátt
- Staðfesting á atvinnuleysi, veikindum og/eða örorkumati ef um það er að ræða

Umsókn sendist á félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga

Miðnestorg 3

245 Sandgerði

Húsaleigubætur:

Hægt er að nálgast eyðublöð fyrir húsaleigubætur á skrifstofum hvers sveitarfélags.

Einnig er hægt að hafa samband við félagsráðgjafa fyrir frekari upplýsingar til að nálgast slík eyðublöð í síma 420-7555, jafnframt er hægt að óska eftir viðtali vegna félagslegrar ráðgjöfunar í sama símanúmeri.

Húsbúnaðarstyrkur

Ekki boðið upp á húsbúnaðarstyrk

Grindavík

Fjárhagsaðstoð:

Hér http://www.grindavik.is/gogn/Umsokn_um_fjarhagsasto.pdf er hægt að nálgast eyðublað fyrir fjárhagsaðstoð. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Launaseðlar umsækjanda og maka
- Bótaseðlar umsækjanda og maka frá Tryggingastofnun ríkisins
- Greiðslur úr lífeyrirssjóðum til umsækjanda og maka
- Afrit af skattframtali síðasta árs

Umsókn sendist á Þjónustuver Grindavíkurbæjar
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Félagslegt húsnæði:

Hér http://grindavik.is/gogn/umsokn_um_felagslega_ibud.pdf er hægt að nálgast umsóknareyðublað fyrir félagslegt húsnæði. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókninni:

- Afrit – ljósrit af skattaframtali umsækjanda og maka.

Umsókn sendist á Þjónustuver Grindavíkurbæjar
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Húsaleigubætur

Hér <http://grindavik.is/umsoknir> er hægt að nálgast umsóknareyðublað fyrir húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði.
- Íbúavottorð frá Þjóðskrá, Borgartúni 24, 105 Reykjavík fyrir viðkomandi leiguíbúð.
- Staðfest ljósrit skattframtals síðasta árs allra þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni.
- Launaseðlar þeirra er í íbúðinni búa fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjenda 20 ára og eldri.

Umsókn sendist á Þjónustuver Grindavíkurbæjar
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Sérstakar húsaleigubætur

Hér <http://grindavik.is/umsoknir> er hægt að nálgast umsóknareyðublað fyrir sérstakar húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Búsetuvottorð um að viðkomandi hafi átt lögheimili í Grindavík síðustu 18 mánuði / eða vottorð Hagstofu um á hvaða tíma
- umsækjandi hafi átt lögheimili í Grindavík

Umsókn sendist á Þjónustuver Grindavíkurbæjar
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Húsbúnaðarstyrkur

Hægt er að sækja um húsbúnaðarstyrk á Þjónustuveri Grindavíkurbæjar. Hægt er að panta tíma í síma 420-1100 og óska eftir félagslegri ráðgjöf.

Akureyri

Þjónustan stendur íbúum Akureyrar til boða og einnig hafa nágrannasveitarfélögin; Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðstrandahreppur gert samning við Akureyrarbæ um ráðgjafarþjónustu.

Fjárhagsaðstoð:

Umsóknareyðublöð fyrir fjárhagsaðstoð liggja á borðum fjölskyldudeildar, Glerárgata 26.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Staðfest skattframtal sl. árs
- Staðgreiðslufirlit skatta frá yfirstandandi ári ásamt yfirliti yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingarstofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, atvinnuleysistryggingarsjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum.
- Til að hægt sé að gera sér fyllilega grein fyrir fjárhagslegri stöðu umsækjanda er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um skuldir og föst útgjöld viðkomnandi á mánuði (greiðsluþjónusta).

Jafnframt er hægt að hafa samband við fjölskyldudeild fyrir frekari upplýsingar til að nálgast eyðublöðin í síma 460-1420 og 460-1433.

Félagslegt húsnæði:

Hér

http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/office/Umsoknleiguib_18des2003.doc

er hægt að sækja um félagslegt húsnæði.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókninni:

- Staðfest afrit af 3 síðustu skattframtölum.
- Launaseðlar umsækjenda og þeirra sem með þeim búa fyrir sex síðustu mánuði eða staðfesting á reiknuðu endurgjaldi.
- Síðasti greiðsluseðill allra lána, jafnframt yfirlit yfir raðgreiðslur og yfirdrátt.
- Staðfesting á atvinnuleysi, veikindum og/eða örorkumati ef um það er að ræða.

Umsókn sendist á húsnæðisdeild Akureyrar
Geislagata 9
600 Akureyri

Húsaleigubætur:

Hér http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/pdf/Umsokn-um-husaleigubætur_okt10.pdf er hægt að sækja um húsaleigubætur.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði.
- Ljósrit af skattframtölum (2010), þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni, staðfest af skattstjóra. Hafi framtölunum verið skilað rafrænt er hægt að senda þau í tölvupósti á hjalmar@akureyri.is eða jon@akureyri.is.
- Staðgreiðslufirlit 2010. Hægt er að nálgast það hjá skattstjóra eða á www.skattur.is og senda í tölvupósti á hjalmar@akureyri.is eða jon@akureyri.is.
- Nýjasti launaseðill þeirra er í íbúðinni búa og/eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegan sjálfstæðrar starfsemi.
- Staðfesting skóla um nám, einnig barna umsækjenda sem eru orðin 20 ára og eldri.

Umsókn sendist á húsnæðisdeild Akureyrar
Geislagata 9
600 Akureyri

Sérstakar húsaleigubætur:

Hér

http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/pdf/umsokn_um_serstakar_husaleigubætur.pdf er hægt að sækja um sérstakar húsaleigubætur.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Ljósrit af skattframtölum þriggja síðustu ára, þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni, staðfest af skattstjóra. Hafi framtölunum verið skilað rafrænt er hægt að senda þau í tölvupósti á hjalmar@akureyri.is eða jon@akureyri.is.

- Staðgreiðslufirlit fyrir yfirstandandi tekjuár. Hægt er að nálgast það hjá skattstjóra eða á www.skattur.is og senda í tölvupósti á hjalmar@akureyri.is eða jon@akureyri.is.
- Nýjasti launaseðill þeirra er í íbúðinni búa og/eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
- Síðasti greiðsluseðill allra lána, jafnframt yfirlit yfir raðgreiðslur og yfirdrátt.

Umsókn sendist á húsnæðisdeild Akureyrar

Geislagata 9

600 Akureyri

Húsbúnaðarstyrkur

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- Til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, er eignalaus eða er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- Til eignalausra einstaklinga, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, sem hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og/eða átt við mikil veikindi að stríða.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 100.000 kr..

Húsbúnaðarstyrkir greiðast að jafnaði aðeins einu sinni.

Unnt er að skrifa bréf til húsnæðisdeildar þar sem óskað er eftir húsbúnaðarstyrk. Gott er að tilgreina ástæður þess að óskað er eftir styrk. Sendist á Geislagötu 9, 600 Akureyri.. Sé óskað eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að panta tíma hjá félagsráðgjafa í síma 460-1420 og 460-1433.

Dalvík

Fjárhagsaðstoð:

Hér <http://dalvik.is/resources/Files/Eydublod/Felagsmalasvid/fjarhagsadstod.xls> er hægt að nálgast umsóknareyðublað fyrir fjárhagsaðstoð. Um leið er hægt að óska eftir húsbúnaðarstyrk.

Sendist á:

Ráhúsið

620 Dalvík

Félagslegt húsnæði:

Hér <http://dalvik.is/resources/Files/Eydublod/Felagsmalasvid/leiguibud.doc> er hægt að nálgast umsóknareyðublað fyrir félagslegt húsnæði.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja með:

- Bráðabirgðagreiðslumat fjármálastofnunar ásamt fylgigögnum.
- Staðfesting á atvinnuleysi og/eða veikindum ef um það er að ræða.

Sendist á:

Ráhúsið

620 Dalvík

Hér <http://dalvik.is/Stjornsysla/Fjarmala--og-stjornsyslusvid/Rafræn-eydublod/Umsokn-um-leiguibud/> er jafnframt hægt að sækja rafrænt um félagslegt húsnæði.

Húsaleigubætur:

Hér <http://dalvik.is/resources/Files/Eydublod/Felagsmalasvid/husaleigubatur.doc> er hægt að nálgast umsóknareyðublað fyrir húsaleigubætur.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja með:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði.
- Staðfest afrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni.
- Launaseðlar þeirra er í íbúðinni búa fyrir þrjá síðustu mánuði eða staðfesting á reiknuðu endurgjaldi
- Íbúavottorð Hagstofu Íslands/Manntals fyrir viðkomandi leiguíbúð.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjenda / ungmenna 20 ára og eldri.
- Skattkort, ef vill

Sendist á:

Ráhúsið

620 Dalvík

Sérstakar húsaleigubætur:

Ekki boðið upp á sérstakar húsaleigubætur

Sé óskað eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að panta tíma í síma 460-4900

Akranes

Fjárhagsaðstoð:

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast hjá félagsþjónustu Akraneskaupstaðar að Stílholti 16 – 18, 300 Akranes.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja:

- Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum. Ennfremur barnabætur, mæðra og feðralaun
- Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd
- Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá Vinnumálastofnun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil
- Umsækjandi sem er óvinnufær skal framvísa gildu læknisvottorði sérfræðings þar sem fram kemur hvers eðlis veikindi viðkomandi eru og hversu lengi umsækjandi verður óvinnufær að mati sérfræðings

Félagslegt húsnæði:

Hér http://www.akranes.is/Files/Skra_0024303.pdf er hægt að nálgast eyðublað fyrir félagslegt húsnæði.

Eftirfarandi skilyrði eru sett:

- Umsækjandi hafi að mati ráðgjafa ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- Umsækjandi eigi lögheimili á Akranesi þegar sótt er um og a.m.k. síðustu 3 árin samfleytt áður en umsókn berst.
- Eignir og tekjur umsækjanda miðast við eftirfarandi hámarksupphæðir:
Eignamörk eru kr. 3.069.000.

Tekjumörk eru kr. 2.200.654 fyrir einhleyping en kr. 3.081.695 fyrir hjón og sambúðarfólk, auk þess kr. 368.400 fyrir hvert barn á framfæri innan 20 ára. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna sl. 3 ár. Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu/greiðslubyrði umsækjanda.

- Umsækjendur verða að skora að lágmarki 4 stig vegna félagslegra aðstæðna sinna, þ.e. 2 stig vegna húsnæðisstöðu og 2 stig vegna félagslegs vanda umsækjanda eða sérstakra aðstæðna barna sbr. matsviðmið
- Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- Hafi viðeigandi gögn ekki borist 30 dögum frá umsóknardegi fellur umsókn úr gildi.

Umsækjandi fær sent skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hafi verið metin.

Umsókn sendist á:

Stillholt 16 – 18

300 Akranes.

Húsaleigubætur:

Hér <http://akranes.is/thjonusta/fjolskyldan/husaleigubaetur/> er hægt að nálgast eyðublað fyrir húsaleigubætur.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði.
- Íbúavottorð frá Þjóðskrá, Borgartúni 24, 105 Reykjavík fyrir viðkomandi leiguíbúð.
- Staðfest ljósrit skattframtals síðasta árs allra þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni.
- Launaseðlar þeirra er í íbúðinni búa fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjenda 20 ára og eldri.

Umsókn sendist á:

Stillholt 16 – 18

300 Akranes.

Sérstakar húsaleigubætur:

Ef viðkomandi uppfyllir skilyrði fyrir húsaleigubætur auk neðangreindra skilyrðinga, býðst viðkomandi að fá sérstakar húsaleigubætur.

- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 9 stiga eða meira
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 11 stiga eða meira
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 12 stiga eða meira

Reglur um sérstakar húsaleigubætur og félagslegt húsnæði má sjá hér http://www.akranes.is/stjornsysla/reglur-og-samthyktir/grs_id/2960/

Húsbúnaðarstyrkur:

Unnt er að skrifa bréf til félagsþjónustu Akranesar þar sem óskað er eftir húsbúnaðarstyrk. Gott er að tilgreina ástæður þess að óskað er eftir styrk. Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla:

- Til einstaklings sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir virka endurhæfingu eða dvöl á stofnun.
- Til ungs fólks á aldrinum 18 - 24 ára, sem er eignalaust með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru sem nemur einni grunnfjárhæð en ef um flutning á sambýli er að ræða er miðað við hálfa grunnfjárhæð. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Umsókn berist til

Stillholt 16 – 18

300 Akranes.

Sé óskað eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að panta tíma í síma 433 1000.

Borgarbyggð

Fjárhagsaðstoð:

Ekki er hægt að nálgast eyðublað á netinu og því skal hafa samband við starfsmenn félagsþjónustunnar í síma 433-7100.

Félagslegt húsnæði:

Hér <http://www.borgarbyggd.is/starfsemi/felagsthjonusta/felagslegar-leiguibudir/> er hægt að nálgast eyðublað fyrir félagslegt húsnæði. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Vottorð um lögheimili/fjölskylduvottorð
- Staðfest ljósrit af skattframtali umsækjanda og fjölskyldu hans sl 3 ár
- Launaseðlar sl 3ja mánaða

Umsókn sendist á:

Ráðhús Borgarbyggðar

Borgarbraut 14

310 Borgarnes

Húsaleigubætur:

Hér <http://www.borgarbyggd.is/starfsemi/felagsthjonusta/husaleigubaetur/> er hægt að nálgast eyðublað fyrir húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings
- Fjölskylduvottorð Hagstofu Íslands fyrir viðkomandi leiguíbúð
- Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra
- Launaseðlar þeirra er í íbúðinni búa fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi
- Staðfesting skóla um nám

Umsókn sendist á:

Ráðhús Borgarbyggðar

Borgarbraut 14

310 Borgarnes

Sérstakar húsaleigubætur:

Fólk sem er undir ákveðnum tekjumörkum, býr við félagslega erfiðleika og hefur átt lögheimili í Borgarbyggð í 3 ár getur átt rétt á sérstökum húsaleigubótum.

Best er að hafa samband við starfsmenn félagsþjónustunnar til að fá frekar upplýsingar í síma 433-7100, jafnframt er hægt að óska eftir félagslegri ráðgjöf í þessu símanúmeri.

Húsbúnaðarstyrkur:

Ekki er boðið upp á húsbúnaðartyrk

Ísafjörður

Fjárhagsaðstoð:

Hér <http://isafjordur.is/upload/files/eydublod/fjarhagsadstod2010.pdf> er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um fjárhagsaðstoð. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Staðfest ljósrit af skattframtölum viðkomandi
- Ljósrit af launaseðlum þeirra sömu, fyrir síðustu þrjá mánuði
- Ljósrit af greiðsluseðlum almannatrygginga og lífeyrissjóða, sé um þá að ræða
- Yfirlit yfir útgjöld umsækjanda
- Yfirlit yfir greidd meðlög á mánuði
- Atvinnulausir skulu framvísa vottorði frá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða
- Sé um veikindi að ræða skal framvísa læknisvottorði
- Upplýsingar um sölu eigna á árinu, sé um slíkt að ræða

Félagslegt húsnæði:

Hér <http://isafjordur.is/upload/files/eydublod/umsoknumleiguibud2010.pdf> er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um félagslegt húsnæði

Húsaleigubætur:

Hér <http://isafjordur.is/upload/files/eydublod/husbaetur2010c.pdf> er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings.
- Staðfest afrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni.
- Ljósrit af launaseðlum (greiðsluseðlum) þeirra er í íbúðinni búa, fyrir síðustu 3 mánuði.
- Og/eða staðfesting á reiknuðu endurgjaldi, sama tímabil.
- Vottorð frá Hagstofu Íslands eða sveitarfélagi um hverjir búa í íbúðinni.
- Staðfesting skóla um nám barna umsækanda, 20 ára og eldri. (Er búa í íbúðinni)
- Staðfesting viðkomandi skóla um nám utan lögheimilissveitarfélags

Sérstakar húsaleigubætur:

Hér <http://isafjordur.is/upload/files/eydublod/serstakarhusaleigubaetur2010.pdf> er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um sérstakar húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Upplýsingar um skuldir umsækjanda
- Greiðsluáætlun ef viðkomandi er í greiðsluþjónustu banka
- Búsetuvottorð um að viðkomandi hafi átt lögheimili í Ísafjarðarbæ síðustu 12 mánuði /eða vottorð Hagstofu um á hvaða tíma umsækjandi hafi átt lögheimili í Ísafjarðarbæ
- Önnur gögn sem umsækjandi telur skipta máli fyrir umsókn sína

Umsóknir berist til:

Ísafjarðarbær

Stjórnsýsluhúsið – pósthólf 56

400 Ísafjörður

Húsbúnaðarstyrkur

Ekki er boðið upp á húsbúnaðarstyrk. Sé óskað eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að panta tíma í síma 450 8000 sjá hér http://isafjordur.is/thjonusta/felagsleg_radgjof/

Fljótsdalshérað

Fjárhagsaðstoð:

Hér <http://egilsstadir.is/images/stories/dmdocuments/Felagsthjonusta/umsokn-fjarhagsadstod.pdf> er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um fjárhagsaðstoð.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Staðfest ljósrit af síðasta skattframtali. 6. Lögheimilisvottorð
- Launaseðlar. 7. Læknisvottorð ef við á
- Greiðsluseðlar vegna atvinnuleysisbóta. 8. Skattkort og annað sem við á
- Yfirlit yfir lífeyrissjóðsgreiðslur.
- Yfirlit yfir bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.
- Lögheimilisvottorð
- Læknisvottorð ef við á
- Skattkort og annað sem við á

Félagslegt húsnæði:

Hér

http://egilsstadir.is/felagsthjonusta/index.php?option=com_content&view=article&id=23&Itemid=101 má nálgast eyðublað til að sækja um félagslegt húsnæði.

Húsaleigubætur:

Hér http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-eydublod/Eydublad_Husaleigubaetur.pdf er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði
- Íbúavottorð frá Þjóðskrá Íslands fyrir viðkomandi leiguíbúð
- Staðfest ljósrit skattframtals síðasta árs allra þeirra sem eiga lögheimili/aðsetur í íbúðinni
- Launaseðlar þeirra sem búa í íbúðinni fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjenda 20 ára og eldri

Sérstakar húsaleigubætur:

Hér

http://egilsstadir.is/images/stories/dmdocuments/Umsoknir/umsokn_um_serstakar_husalb_2010.pdf er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um sérstakar húsaleigubætur.

Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Ljósrit af skattframtölum, þeirra sem lögheimili/aðsetur eiga í íbúðinni, staðfest af skattstjóra.
- Staðgreiðslufirlit fyrir yfirstandandi tekjuár. Hægt er að nálgast það á skattstofu.
- Nýjasti launaseðill þeirra er í íbúðinni búa og/eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
- Síðasti greiðsluseðill allra lána, jafnframt yfirlit yfir raðgreiðslur og yfirdrátt.
- Greiðsludreifing eða aðrar upplýsingar um útgjöld heimilanna

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að eiga rétt á sérstökum húsaleigubótum:

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára.
- Umsækjandi uppfylli skilyrði almennra húsaleigubóta
- Umsækjandi skal eiga lögheimili á Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Djúpvogshreppi, Vopnafjarðarhreppi, Borgarfirði eystri eða Seyðisfjarðarkaupstað þegar sótt er um og að minnsta kosti eitt ár samfleytt áður en umsókn berst.
- Undanþágu frá búsetuskilyrðum er hægt að veita ef umsækjandi hefur búið stóran hluta af ævi sinni í sveitarfélaginu og flutt burt tímabundið eða ef félagslegir erfiðleikar umsækjanda eru miklir samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa.
- Umsóknum er skilað á skrifstofu Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og eru umsækjendur svo boðaðir í viðtal til félagsráðgjafa. Félagsráðgjafi skrifar í kjölfarið greinargerð sem lögð er fyrir næsta fund Félagsmálanefndar sem tekur afstöðu til þess hvort umsókn verður samþykkt eða henni hafnað.

Húsbúnaðarstyrkur

Ekki er boðið upp á húsbúnaðarstyrk en sé óskað eftir félagslegri ráðgjöf er hægt að panta tíma í síma 470-0700

Sveitarfélagið Árborg

Fjárhagsaðstoð:

Hér <http://www.arborg.is/thjonusta/felagsthjonusta-og-husnaedi/felagsleg-radgjof> er hægt að nálgast eyðublað til að sækja um fjárhagsaðstoð en jafnframt er hægt að nálgast þessi eyðublað í afgreiðslu félagsþjónustunnar. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Launaseðill þess mánaðar sem umsókn er lögð fram í og launaseðlar tveggja síðustu mánaða á undan, hafi umsækjandi atvinnutekjur.
- Greiðsluseðill bóta frá Tryggingastofnun ríkisins þess mánaðar sem umsókn er lögð fram í og bótaseðill tveggja síðustu mánaða á undan, njóti umsækjandi bótagreiðslna.
- Upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. mæðra- og feðralaun, greiðslur úr atvinnutryggingasjóði, frá verkalýðsfélögum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, bönkum, lánastofnunum, opinberum sjóðum og hinu opinbera.
- Staðfest afrit af síðasta skattframtali umsækjanda og maka hans eða sambýlismanns, eigi það við.
- Skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi umsækjanda.
- Dagpeningavottorð frá vinnumiðlun, njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta.
- Læknisvottorð ef umsækjandi er óvinnufær og hefur ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda.
- Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestu og samkomulag um skiptingu eigna og skulda, sé um það að ræða.

Umsókn berist til:

Fjölskyldumiðstöð Árborgar

Austurvegi 2

800 Selfossi

Félagslegt húsnæði og sérstakar húsaleigubætur:

Hér

http://www.arborg.is/Vefsidan/data/MediaArchive/Reglur_um_felagsl_leiguib_og_serst_husal_b_2009.pdf má sjá reglur um félagslegt húsnæði og sérstakar húsaleigubætur.

Sækja verður um skriflega á þar til gerður umsóknareyðublaði. Hægt er að nálgast eyðublaðið á skrifstofu félagsþjónustunnar að Austurvegi 2. Jafnframt er hægt að panta tíma í síma 480-1900 og óska eftir félagslegri ráðgjöf.

Uppfylla þarf eftirtalin skilyrði:

- Að vera fullra 18 ára á umsóknardegi.
- Að vera fullra 67 ára þegar sótt er um leiguíbúð fyrir aldraða.
- Að hafa átt lögheimili samfelld í sveitarfélaginu síðasta árið áður en umsókn er móttækin.
- Að búa í ófullnægjandi húsnæði, við öryggisleysi í húsnæðismálum eða hafa ekki möguleika á að kaupa eigið húsnæði og/eða leigja á almennum leigumarkaði án sérstakrar aðstoðar.
- Að eiga ekki íbúðarhúsnæði, hvorki í sveitarfélaginu né annars staðar, hvort heldur
- það er eignaríbúð, félagsleg eignaríbúð eða kaupleiguíbúð.
- Að niðurstaða mats á félagslegum aðstæðum, samkvæmt matsreglum, sé að lágmarki
- sex stig vegna umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði. Um viðmið varðandi sérstakar
- húsaleigubætur vísast til b.liðar 2. mgr. 6. gr. Reglnanna

Til að uppfylla skilyrði fyrir sérstakar húsaleigubætur verður viðkomandi að uppfylla ofantalin skilyrði auk eftirfarandi:

- Uppfylla öll skilyrði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997 og hafa sótt um almennar húsaleigubætur.
- Búa við, eftir því sem við á, mjög erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt matsviðmiðum sem fylgja reglum þessum:
 - Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk: Að niðurstaða mats á ofantöldum aðstæðum

- samkvæmt matsreglum sé að lágmarki 9 stig.
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Að niðurstaða mats á ofantöldum
- aðstæðum samkvæmt matsreglum sé að lágmarki 11 stig.
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Að niðurstaða mats á
- ofantöldum aðstæðum samkvæmt matsreglum sé að lágmarki 12 stig.

Húsaleigubætur:

Sótt er um húsaleigubætur hjá félagsþjónustu Árborgar að Austurvegi 2, 800 Selfoss.

Jafnframt er hægt að hringja í síma 480-1900 og biðja um aðstoð vegna húsaleigubóta.

Húsbúnaðarstyrkur:

Ekki er boðið upp á húsbúnaðarstyrk

Vestmannaeyjar

Fjárhagsaðstoð:

Umsókn um fjárhagsaðstoð er á sérstökum eyðublöðum sem hægt er að nálgast í afgreiðslu fjölskyldu- og fræðslusviðs. Jafnramt er hægt að panta tíma og óska eftir félagslegri ráðgjöf í síma 488-2000. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs
- Yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram og 3 mánuði á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur og mæðra-/ feðralaun.
- Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.
- Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá svæðisvinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá svæðisvinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna

Félagslegt húsnæði:

Hér

<http://www.vestmannaeyjar.is/skrar/file/umsoknumibud/umsokn%20um%20leiguibud.pdf> er hægt að nálgast eyðublað fyrir félagslegt húsnæði. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Staðfest afrit af 3 síðustu skattframtölum
- Launaseðlar umsækjenda og þeira sem með þeim búa fyrir sex síðustu mánuði eða staðfesting á reiknuðu endurgjaldi
- Síðasti greiðsluseðill allra lána, jafnframt yfirlit yfir raðgreiðslu og yfirdrátt
- Staðfesting á atvinnuleysi, veikindum og/eða örorkumati ef um það er að ræða

Umsókn sendist:

Ráhúsið

Kirkjuvegi 50

900 Vestmannaeyjar

Húsaleigubætur:

Hér [http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-eydublod/Eydublad_Husaleigubaetur.pdf)

[eydublod/Eydublad_Husaleigubaetur.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-eydublod/Eydublad_Husaleigubaetur.pdf) er hægt að nálgast eyðublað fyrir

húsaleigubætur. Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni:

- Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings á staðfestu samningseyðublaði
- Íbúavottorð frá Þjóðskrá Íslands fyrir viðkomandi leiguíbúð
- Staðfest ljósrit skattframtals síðasta árs allra þeirra sem eiga lögheimili/aðsetur í íbúðinni
- Launaseðlar þeirra sem búa í íbúðinni fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi
- Staðfesting skóla um nám barna umsækjenda 20 ára og eldri

Umsókn sendist:

Ráhúsið

Kirkjuvegi 50

900 Vestmannaeyjar

Sérstakar húsaleigubætur:

Ekki er boðið upp á sérstakar húsaleigubætur

Húsbúnaðarstyrkur

Ekki er boðið upp á húsbúnaðarstyrk

Önnur úrræði

Grettistak:

Markmið Grettistaks í Reykjavík er að styðja fólk með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu til sjálfshjálpar, það er til þátttöku á atvinnumarkaði eða til náms. Leitast er við að bæta lífsskilyrði og fjárhagslegt sjálfstæði.

Grettistak er samstarfsverkefni á milli TR og félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkefnið byggir á því að félagsráðgjafar á hverjum stað setja upp sérsniðna endurhæfingaráætlun í samráði við viðkomandi einstakling og eftir atvikum lækna hans. Starfsmenn félagsþjónustu sjá um stuðning og TR greiðir endurhæfingarlífeyri á meðan á verkefninu stendur.

Sé óskað eftir þátttöku í Grettistaki skal hafa samband við þá félagsþjónustu eða þjónustumiðstöð sem lögheimili heyrir til.

EKRON:

<http://ekron.is/>

EKRON er sértæk einstaklingsmiðuð atvinnutengd starfsþjálfun og endurhæfing fyrir einstaklinga með skerta vinnufærni sökum afleiðinga af áfengis- og vímuefnasýki. Starfsþjálfunin og endurhæfingin er þátttakendum að kostnaðarlausu. Starfsþjálfunin er einstaklingsmiðuð og unnin af fagfólki. Markmiðið er að starfsþjálfunin sé frá 6 mánuðum og allt að 18 mánuðum. Það er stefna EKRON að eiga gott og náið samstarf við alla þá aðila sem vinna að forvörnum og áfengis- og vímuefnalausnum, t.d. sjúkrahús, heilsugæslu, félagsþjónustu, áfangaheimili og stoðbýli. Unnið verður í hópum með hópstjórum sem leiðbeina og hafa umsjón með starfinu.

Ekron er fyrir óvirka alkóhólista og fíkniefnaneytendur, öryrkja og alla þá sem ekki eru á vinnumarkaði. Frekari upplýsinga er hægt að nálgast á heimasíðu EKRON.

SÁÁ:

<http://saa.is/>

SÁÁ eru samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Aðalmarkmið samtakanna er að sjá til þess að alkóhólistar, vímuefnafíklar og aðstandendur þeirra eigi ávalt vól á bestu fáanlegri sjúkrameðferð og endurhæfingu. Frekari upplýsinga er að finna á heimasíðu SÁÁ.

Hlaðgerðakot:

<http://www.samhjalp.is/index.asp?p=hladgerdarkot.asp> meðferð og endurhæfing er í 6 – 24 vikur og skiptist í viðtöl, hópmeðferð, fyrirlestra, tjáning, helgihald og útskriftaráætlun. Umsóknir berast víða að en hægt er að hafa samband í síma 561-1000 á milli kl. 09.00 – 15.00.

Krýsuvík:

<http://www.krysuvik.is/>

Eitt af markmiðum Krýsuvíkur er að brúa bilið á milli skjólstaðings og samfélagsins. Meðferðarheimilið í Krýsuvík er framsæknasta meðferðarúrræðið í Evrópu sem völ er á í dag. Meðferðin er einstaklingsmiðuð langtímameðferð. Nánari upplýsinga er að finna á heimasíðu Krýsuvíkur og jafnframt er hægt að hafa samband í síma 565-5612.

Vernd:

<http://www.vernd.is/documents/vernd.php>

Mikill meirihluti vistmanna eru í afplánunarfari en jafnframt koma vistmenn af meðferðarstöðum, af götunni, úr fangelsum að afplánun lokinni og svo mætti lengi telja. Heimili Verndar er að Laugarteig 19 í Reykjavík, hægt er að hafa samband við Vernd í síma 562-3003. Jafnframt er hægt að skoða heimasíðuna

Brú:

<http://www.samhjalp.is/index.asp?p=stodbyli.asp>

Brú er áfangaheimili rekið af Samhjálp, húsnæði þess er að Höfðabakka 1 í Reykjavík. Til að komast að á Brú þurfa umsækjendur að hafa lokið meðferð í Hlaðgerðakoti og hafa ráðið sig í starf að lágmarki 4 vikum eftir að flytjast inn. Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni sem er gefin upp hér að ofan.

Tryggingastofnun:

- Endurhæfingarlífeyrir
 - Heimilt er að greiða einstaklingum á aldrinum 18 – 67 ára endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki er ljóst hver starfshæfni þeirra verður eftir veikindi eða slys. Umsækjandi þarf að hafa lokið rétti sínum til veikindalauna frá atvinnurekanda, sjúkradagpeningum frá sjúkrasjóði stéttarfélags og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Meginskilyrði eru að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði. Endurhæfingaráætlun skal vera unnin lækni/meðferðaraðila eða ráðgjafa í samvinnu við umsækjanda
 - Nánari upplýsingar um endurhæfingarlífeyri má finna hér <http://www.tr.is/almenn-rettindi/endurhaefingarlifeyrir/>
- Örorkulífeyrir
 - Rétt til örorkulífeyri eiga einstaklingar á aldreinum 18 – 67 ára sem metnir hafa verið með 75% örorku. Örorkumat byggist á læknisfræðilegum forsendum. Til að sækja um örorkulífeyri verður að óska eftir örorkumati í samráði við lækni, lækniþing fyllir út vottorð og sendir á Tryggingastofnun. Umsækjandi fyllir út umsóknareyðublað Tryggingastofnunar um örorkulífeyri og sendir læknisfræðilegri ráðgjöf Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík
 - Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókninni
 - Tekjuáætlun, eðlilegt er þó að umsækjandi bíði með að skila henni þar til niðurstaða mats liggur fyrir.
 - Skattkort, ef umsækjandi vill nýta kortið hjá Tryggingastofnun
 - Nánari upplýsingar má finna hér <http://www.tr.is/oryrkjar/>
- Örorkustyrkur
 - Einstaklingar á aldreinum 18 – 67 ára geta átt rétt á örorkustyrk hafi þeir verið metnir með örorku að lágmarki 50% en ná ekki 75%. Sótt er um örorkustyrk á sama hátt og örorkulífeyri

The Settlers' School:

The Settlers' School is for foreigners who speak some Icelandic, for example those who have already taken three 50 class-hour courses in Icelandic for foreigners. The Settlers school – Mímir In The Settlers' School the emphasis is on spoken language as well as knowledge of the Icelandic community and economy. The subjects we teach are: Icelandic, sociology, computer science, the making of a personal portfolio, building up self-esteem and communication. The Ministry of Education has agreed that credit points, from The Settlers' School, (up to ten points), can be evaluation in Comprehensive Colleges. Sólborg Jónsdóttir, telephone 580-1800, has further information about The Settlers' School. It is also possible to send an e-mail to solborg@mimir.is. Also look at <http://mimir.is/>

Foreldrahús:

Foreldrahús rekur meðal annars Foreldrasímann 581-1799, hann er opinn allan sólarhringinn og í hann geta foreldrar hringt og leitað sér aðstoðar og upplýsingar vegna fíkniefnavanda barna og unglunga. Foreldrahús hefur aðsetur að Borgartúni 6, 105 Reykjavík. Síminn þar er 511-6161/551-6160. Heimasíðan þeirra er www.vimulaus.is og netfangið er vimulaus@vimulaus.is.

Hlutverkasetur:

Hlutverkasetur hvetur þá sem misst hafa vinnuna eða önnur mikilvæg hlutverk að koma í Hlutverkasetur og taka þátt í að byggja upp jákvætt umhverfi, hvatningu og stuðning fyrir fólk í svipuðum aðstæðum. Hlutverkasetur býður upp á umgjörð, hvatningu og stuðning fyrir þá sem vilja efla starfsgetu á markvissan hátt eða auka lífsgæðin. Stefnt er að því að efla sjálfmynd gegnum verkefni, fræðslu og umræður. Starfsólk Hlutverkaseturs veitir hvatningu og stuðning, í gegnum samveru, samskipti og sameiginleg verkefni til að aðlagast breyttum aðstæðum. Markmið er að komast aftur út á almennan vinnumarkað, fara í nám eða auka lífsgæði. Á föstudögum milli 13 og 14 eru kynningar á Hlutverkasetri. Allir velkomnir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemina. Hlutverkasetur er að Borgartúni 1, 105 Reykjavík

Fjölsmiðjan:

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk, sem stendur á krossgötum. Fjölbætt verkþjálfun og fræðslustarfsemi fyrir ungt fólk 16 – 24 ára sem hætt hefur í námi eða ekki fótað sig á atvinnumarkaði. Hér gefst fólki tækifæri til að þjálfast fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Greitt er fyrir störf sem samsvarar atvinnuleysisbótum. Morgun- og hádegismatur er snæddur á staðnum. Reynt er að hafa vinnustaðinn fjölbreyttan og skemmtilegan. Í boði eru; trésmíðadeild, hússtjórnar- og matreiðsludeild, bílaþvottadeild og rafdeild, tölvu- og prentdeild, hönnunar- og fatadeild.

Vinnutími í Fjölsmiðjunni er frá klukkan 8.30 – 15.000 alla virka daga.

Fjölsmiðjan er að Kópavogsbraut 5-7, 200 Kópavogur. Sími 544-4080/ 894-6070

(Þorbjörn Jensson, forstöðumaður).

Heimasíða: www.fjolsmidjan.is

Netfang: upplysingar@fjolsmidjan.is

Rauðakrosshúsið:

Rauðakrosshúsið er miðstöð fyrir alla landsmenn þar sem þeim gefst tækifæri til að sækja ýmiss konar námskeið og fá fræðslu og sálrænan stuðning. Félagsstarfið og fræðslan er opið öllum. Lögð er áhersla á samvinnu, stuðning og sjálfböðna vinnu. Starf

Rauðakrosshússins er bygg á áralangri reynslu félagsins af viðbrögðum í neyð. Í miðstöðinni er tölvuver, kaffihorn, krakkahorn og þar eru haldin fjölbreytt, fjaldfrjáls námskeið. Dagskráin er afar fjölbreytt og ný dagskrá er gefin út vikulega og hana má finna á heimasíðu hússins sem og í Fréttablaðinu á mánudagsmorgnum. Fjölbreyttir fyrirlestrar, námskeið, kynningar og afþreying eru í boði alla daga í Rauðakrosshúsinu, Borgartúni 25. Opnunartími er 12.00 – 17.00 alla virka daga. Aðgangur er ókeypis.

Heimasíða: www.raudakrosshusid.is

Netfang: raudakrosshusid@redcross.is

Hjálparsími 1717:

Gjaldfrjálst númer sem er opið allan sólarhringinn, þangað geta þeir hringt sem þurfa á aðstoð að halda vegna kvíða, þunglyndis, depurðar, efnahagsáhyggja eða jafnvel sjálfsvígshugsana. Hjálparsíminn 1717 gegnir því hlutverki að veita ráðgjöf til fólks á öllum aldri sem óskar eftir stuðningi.

Athvörf fyrir fólk með geðraskanir:

Ýmislegt er gert í athvörfunum, t.d. borðað saman, lesið, spilað, málað eða farið í gögnuferðir.

[Vin](#), Hverfisgötu 47, sími 561-2612, netfang vin@redcross.is

[Dvöl](#), Reynihvammi 43, sími 554-1260, netfang dvol@redcross.is

[Laut](#), Brekkugötu 34, Akureyri, sími 462-6632, netfang laut@simnet.is

[Lækur](#), Hörðuvöllum 1, Hafnarfirði, sími 566 8600, netfang laekur@redcross.is

HVER, Kirkjubraut 1, Akranesi, sími 431 2040, netfang hver@akranes.is,

<http://hver.blogcentral.is>

Kompan, Lyngási 12, Egilsstöðum, opið kl. 13-16, sími 471 1875, [netfang](#)

kompuna@simnet.is

Setrið, Héðinsbraut 6, Húsavík, sími 464-1740. <http://setrid.fjolskylduthjonusta.is/>

Vesturafl, Ísafirði, sími 456 4406, bloggsíða <http://vesturafl.bloggar.is/sida/42746/>

Opin hús hjá deildum Rauða krossins:

Deildir Rauða krossins víða um land eru með opin hús fyrir almenning þar sem fram fer ýmis konar fræðsla og félagsstarf, oft í samstarfi við sveitarfélagið eða aðra í heimabyggð.

- **Akranesdeild:** Rauði krossinn Skólabraut 25a Akranesi. Opið alla virka daga frá kl. 13 – 16. Nánari upplýsingar veitir Shyamali í síma 696-7424
- **Álftadesdeils:** Rauðakrosshúsið Borgartúni 25 Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12 – 17. Nánari upplýsingar í síma 570-4090 og á raudakrosshusid.is
- **Árnesingadeild:** Smiðjan Austurvegi 36 Selfossi. Opið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 10 – 14. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Árnesingadeild í síma 482-4445
- **Garðabæjardeild:** Sjálfböðamiðstöð Hrísmóa 4 Garðartorgi. Opin þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 11 – 13. Nánari upplýsingar í síma 565-9494 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið gardabaer@redcross.is. Rauðakrosshúsið Borgartúni 25, Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12 -17. Nánari upplýsingar í síma 570-4090 og á raudakrosshusid.is

- **Grundarfjarðardeild:** Húsnæði verkalýðsfélagsins Borgarbraut 2 Grundarfirðir. Opið alla virka daga frá kl. 9 – 11. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Þórunn í síma 898-0840
- **Hafnarfjarðardeild:** Sjálfsboðamiðstöð, Strandgötu 24. Opið alla virka daga frá kl. 9 – 15. Nánari upplýsingar í síma 565-1222 eða með því að senda fyrirspurn á hafnarfjordur@redcross.is. Rauðakrosshúsið Borgartúni 25, Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12 -17. Nánari upplýsingar í síma 570-4090 og á raudakrosshusid.is
- **Hornafjarðardeild:** Rauði krossinn, Hafnarbraut 40. Opið einu sinni í mánuði, annan laugardag, frá kl. 13 – 15. Nánari upplýsingar veitir Magnhildur Gísladóttir í síma 865-7289 og 659-6563
- **Húsavíkurdeild:** Þekkingarsetur Þingeyinga, Hafnarstétt 3. Opið þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 10 – 12. Samstarf við Stéttarfélagið Framsýn, félagsþjónustuna, Vinnumálastofnun og Þekkingarsetrið. Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Freysson í síma 899-9241
- **Hveragerðisdeild:** Rauði krossinn, Austurmörk 7. Opið mánudaga og fimmtudaga frá kl. 9 – 12. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Hveragerðisdeild í síma 483-1895 / 895-1895
- **Kjósarsýsludeild:** Sjálfsboðamiðstöð Þverholti 7. Opið hús þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 10 – 13. Allir velkomnir. Fjölbreytt dagskrá í boði. Upplýsingar um dagskrá á heimasíðu deildarinnar, http://raudikrossinn.is/page/kjosarsysludeild_forsida Nánari upplýsingar í síma 898-6065 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kjos@redcross.is
- **Kópavogsdeild:** Sjálfsboðamiðstöð Hamraborg 11. Opin alla virka daga frá kl. 10 -16. Nánari upplýsingar í síma 554-6626 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kopavogur@redcross.is
- **Reyðarfjarðardeild:** Miðstöð atvinnuleitenda Búðareyri 1, Reyðarfirði. Opið alla virkda daga frá kl. 9 – 16. Nánari upplýsingar í síma 471-2838
- **Reykjavíkurdeild:** Sjálfsboðamiðstöð Laugavegi 120. Opin alla virka daga frá kl. 9 – 16 nema föstudaga frá kl. 9 – 15. Nánari upplýsingar í síma 454-0400 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið reykjavik@redcross.is. Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25, Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12 -17. Nánari upplýsingar í síma 570-4090 og á raudakrosshusid.is

- **Stöðvarfjarðardeild:** Rauði krossinn Heimalundur Fjarðarbraut 48 Stöðvarfirði. Opið hús á mánudögum frá kl. 19.30 – 21.30. Nánari upplýsingar veitir Þóra Björk Nikulásdóttir í síma 847-6678
- **Fleiri deildir er hægt að nálgast á heimasíðu Rauða krossins**
<http://raudikrossinn.is/>

Sjálfböðastörf hjá Rauða kross Íslands:

Hér http://raudikrossinn.is/page/skra_sjalfbodalida er bæði hægt að sjá hvaða sjálfböðaliðastörf eru í boði á vegum Rauða krossins og eins er hægt að skrá sig sem sjálfböðaliða

Kvennasmiðjan:

Kvennasmiðjan er verkefni um endurhæfingu einstæðra mæðra sem unnið er í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins, Velferðarsvið og Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er móðurstöð verkefnisins. Markmiðið er að styrkja einstæðar mæður sem ekki hafa verið á vinnumarkaði um nokkurt skeið og styðja þær til sjálfshjálpar. Námið er þannig að í hverjum hóp eru 16 – 20 konur og er þeim kennt 4-5 sinnum í viku í 18 mánuði. Námið er þrífætt; skipandi, hagnýtt og sjálfstyrkjandi. Kenndar eru bæði bóklegar og verklegar greinar. Einnig hægt að sjá hér http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3812/6356_view-2339/

Hringsjá:

Hringsjá er náms- og starfendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Opnungartími er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 8.30 – 12.00 og 13.30 – 15.30, en á föstudögum frá kl. 8.30 – 12.00. Hringsjá er að Hátúni 10d, 105 Reykjavík, símar 510-9380 / 562-2840 / 552-9380.

Heimasíða: www.hringsja.is

Netfang: rlinda@hringsja.is

ADHD samtökin:

Markmið ADHD samtakann er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum. Skrifstofa samtakann er opin alla virka daga kl. 13 -16. Upplýsingar og ráðgjöf er veitt í gegnum síma 581-1110 á sama tíma. Á skrifstofunni er bókasafn, greinar og gögn um málefnið. Á heimasíðu samtakanna www.adhd.is er aðgengilegt efni um flest það sem tengist málefninu og linkar á aðrar gagnlegar vefsíður.

Ráðgjafarþjónusta Öryrkjabandalags Íslands:

Skrifstofa ÖBÍ hefur á að skipa ráðgjöfum sem sinna almennri ráðgjöf og upplýsingagjöf til öryrkja, fatlaða og aðstandenda um réttindi þeirra og skyldur, og aðstoða í samskiptum þeirra við ýmsar stofnanir er varða réttindi- og hagsmunamál þeirra. Hægt er að hringja í símatíma ráðgjafanna eða panta viðtal á skrifstofu ÖBÍ í síma 530-6700. Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni: www.obi.is

Lögfræðiráðgjöf Öryrkjabandalags Íslands:

Um er að ræða lögfræðiráðgjöf þar sem lögmaður tekur ekki að sér einstök mál nema með samþykki ÖBÍ og er þá haft í huga að málið hafi fordæmisgildi fyrir aðra öryrkja og fatlaða. Panta þarf viðtal hjá lögfræðingi á skrifstofu ÖBÍ. Viðtalstímar eru aðra hvora viku og oftast ef þess gerist þörf. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni: www.obi.is/um-obi/logfraedithjonusta

Brynja – Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands:

Brynja – Hússjóður Öryrkjabandalagsins leigir út íbúðir fyrir öryrkja. Íbúðirnar eru um 660 talsins víðs vegar um landið. Þeir sem geta sótt um íbúð hjá Brynju eru öryrkjar sem eru með 75% örorkumat. Við úthlutun íbúða er tekið mið af tekjum, eignum og félagslegum aðstæðum viðkomandi. Sækja þarf um íbúð á sérstökum eyðublöðum og staðfesta örorkur með læknisvottorði. Hægt er að panta viðtal hjá húsnæðisfulltrúa ÖBÍ í síma 570-7800 til að fá nánari upplýsingar

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing:

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eða í nám eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

Opnunartíminn er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8.30 – 12.00 og 13.30 – 15.30 og á föstudögum frá kl. 8.30 – 12.00.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna:

Ráðgjafarstofa aðstoðar fjölskyldur við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum með ráðgjöf og veitir almenna fræðslu um fjármál heimilanna. Ráðgjafarstofa veitir fólki aðstoð við að fá yfirsýn yfir stöðu mála, hjálpar við gerð greiðsluáætlanna, velja úrræði og hafa milligöngu um samninga við lánardrottna ef þess er þörf. Ráðgjafarstofan er opin alla virka daga frá kl. 9 – 16. Símaráðgjöf er alla virka daga á sama tíma. Þjónustan er ókeypis. Hægt að nota netspjall á síðunni www.fjolskylda.is/fjarmal.

Í nýrri starfsstöð við Sóltún 26, Reykjavík getur fólk komið án þess að hafa pantað tíma og fengið viðtal við ráðgjafa augliti til auglitis. Síminn er 551-4485, heimasíða rad.is. Netfang rad@rad.is.

Tryggingastofnun:

Í gjaldfrjálsu númeri, 800-6044 svara þjónusturáðgjafar viðskipavinum og upplýsa um lögbundin réttindi til almannatrygginga, félagslega aðstoð og greiðslur til foreldra langveikra og fatlaðra barna frá kl. 8.30 – 15.30 alla virka daga.

Kvennaráðgjöfin:

Kvennaráðgjöfin er ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur. Megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf, en Kvennaráðgjöfin er opin öllum, konum og körlum og má hvort sem er koma eða hringja. Þurfa þeir sem þangað sækja ekki að gefa upp nafn eða aðrar persónuupplýsingar. Hjá Kvennaráðgjöfinni starfa bæði lögfræðingar, félagsráðgjafar, laganemar og félagsráðgjafanemar í sjálfböðavinnu.

Kvennaráðgjöfin er opin á þriðjudögum frá kl. 20 – 22 og á fimmtudögum frá kl. 14 – 16

Lögfræðipjónusta Lögrétta:

Ókeypis Lögfræðipjónusta Lögrétta. Laganemar við Háskólann í Reykjavík veita ókeypis lögfræðipjónustu alla miðvikudaga frá kl. 17 – 20. Þjónustan er að Ofanleiti 2, 103 Reykjavík. Heimasíða www.logretta.is netfangið er legalaid@ru.is, irthjonusta@ru.is

Orator – ókeypis ráðgjöf hjá laganemum:

Lögfræðiaðstoð Orators er endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð sem starfrækt er á fimmtudagskvöldum frá klukkan 19.30 – 22.00 í síma 551-1012. Starfsemin hefst í september ár hvert og stendur fram í miðjan apríl, að undanskyldum desembermánuði þar sem laganemar þreyta próf við deildina á þeim tíma.

Lögfræðiaðstoð Orators er starfrækt með því sniði að almenningi gefst kostur á að hringja inn og bera upp lögfræðilegar fyrirspurnir. Lögfræðiaðstoðin leitast við að svara þeim eftir bestu getu og leiðbeina fyrirspyrjanda um næstu skref við lausn sinna mála. Svör við fyrirspurnum eru ekki hugsuð sem endanleg lausn, enda verða þau að skoðast með þeim fyrirvara að þau séu almenns eðlis. Lögfræðiaðstoðin er á engan hátt ætlað að koma í stað einstaklingsbundinnar skoðunar og ráðgjafar hjá lögmönnum og/eða öðrum sérfræðingum. Lögfræðiaðstoð Orators tekur ekki að sér neina skjalagerð né innheimtu.

Alþjóðahús:

Hjá Alþjóðahúsi starfar lögfræðingur sem veitir skjólstæðingum ráðgjöf. Ráðgjöf frá lögfræðingi okkar kostar ekkert. Ef þú heldur að réttur þinn hafi verið brotinn getur ráðgjöf lögfræðingsins verið hjálpleg. Hafðu samband við móttöku Alþjóðahúss og segðu starfsmönnum hvert vandamálið er. Ef þeir geta ekki aðstoðað þig er hægt að panta tíma hjá lögfræðingnum. Alþjóðahús er að laugarvegi 37, 101 Reykjavík. Síminn er 530-9300, heimasíðan er www.ahus.is og netfangið er info@ahus.is

Lögmannavaktin – ókeypis lögfræðiráðgjöf:

Lögmannavaktin er ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir almenning. Þjónustan er veitt alla þriðjudagseftirmiðdaga. Íbúar höfuðborgarsvæðisins geta komið á skrifstofu félagsins en íbúar landsbyggðar geta hringt. Athugið að panta verður tíma á Lögmannavaktina. Markmiðið með starfseminni er að mæta vaxandi þörf almennings fyrir upplýsingar um réttarstöðu sína í nútímaþjóðfélagi. Á vef Lögmannafélagsins má finna lögmenn sem veita þjónustu á ensku, dönsku, frönsku, íslensku, ítölsku, norsku, spænsku, sænsku og þýsku. Jafnframt er að finna eyðublöð á dönsku, ensku, frönsku, íslensku, serbnesku/kroátísku, spænsku, pólsku, taílensku og þýsku. Lögmannafélag Íslands er að Áltamýri 9, 108 Reykjavík. Síminn er 568-5620, heimasíðan er <http://www.lmfi.is/> og netfangið er lmfi@lmfi.is.

Námsflokkar Reykjavíkur:

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða Reykvíkingum eldri en 16 ára ókeypis náms- og starfsráðgjöf á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Heimasíða er www.namsflokkar.is, netfang er nfr@namsflokkar.is

Menntatorg:

Upplýsingavefurinn www.menntatorg.is er ætlaður þeim sem eru 20 ára og eldri, hafa ekki lokið framhaldsskóla, eru atvinnulaus og eru að leita sér að stuttu námi eða námskeiði. Vefurinn er flokkaður í eftirfarandi flokka:

- Námsúrræði – áhersla á að kynna nám og námskeið sem er hægt að stunda á atvinnuleysisbótum
- Önnur úrræði – fjölmörg úrræði sem nýtast bæði atvinnuleitendum og atvinnurekendum sem Vinnumálastofnun heldur utan um
- Náms- og starfsráðgjöf – kynnt hvað námsráðgjöf felur í sér og hvar hún fæst
- Raunfærnimat – kynnt hvað raunfærnimat er og hvar er hægt að fara í slíkt mat
- Atvinnumissir – ýmsar upplýsingar sem geta nýst atvinnulausum

Menntatorg er í Skeifunni 8, 108 Reykjavík. Síminn er 599-1400, heimasíðan er www.menntatorg.is og netfangið er fraedslumidstod@fraedslumidstod.is

Fataúthlutun Rauða krossins:

Allir þurfa að framvísa skilríkjum til að gera grein fyrir sér, skrá er nefn og kennitala, einnig er skrá hversu mörg börn viðkomandi er með á símu framfæri. Hver einstaklingur getur fengið allt að tvo poka af fatnaði hverju sinni, fatasöfnunin lætur í té pokana. Hver og einn getur fengið úthlutað fjórum sinnum á ári en a.m.k. tveir mánuðri verða að líða á milli úthlutana. Fatarúthlutun fer fram að Laugarvegi 116, 101 Reykjavík á miðvikudögum á milli kl. 10 – 14. Suðurnesjadeild, Akureyrardeild og Skagafjarðardeild úthluta einnig fatnaði, aðrar deildir gera slíkt hið sama sé haft samband við þær.

Fatabúðir Rauða krossins:

Rauði krossinn rekur fjórar búðir sem selja notaðan fatnað

- Rauða kross búðin Laugarvegi 12, Reykjavík – opið mánudaga – föstudaga frá kl. 10 – 18. Laugardaga frá kl. 12 – 16 (langa laugardaga 12 – 18)
- Rauða kross búðin Laugarvegi 116, Reykjavík – opið mánudaga – föstudaga frá kl. 10 – 18, laugardaga frá kl. 12 – 16 (langa laugardaga 12 – 18)
- Rauða kross búðin Strandgötu 24, Hafnarfirðir – opið mánudaga til föstudaga frá kl. 12 – 18 (lokað á laugardögum)
- Rauða kross búðin Fjarðarbraut 48, Stöðvarfirði – opið mánudaga frá kl. 19.30 – 22.00, laugardaga frá kl. 14 – 16

Barnafata skiptimarkaður Rauða krossins:

Rauði krossinn er með skiptifatamarkað fyrir öll barnaföt í Rauðakrosshúsinu. Fyrir hverja flík fær fólk litakóðaðan miða í samræmi við gerð flíkarinnar sem hægt er að nota á markaðnum til að fá aðra flík af sama eða svipuðu tagi. Markaðurinn er opinn öllum. Ekki er um úthlutun að ræða, eingöngu skipti. Markaðurinn er opinn alla þriðjudaga frá kl. 16.00 – 19.00, að Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Síminn er 570-4090 og heimasíðan er www.raudakrosshusid.is, netfangið er raudakrosshusid@redcross.is°

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur:

Afgreiðsla á mat, fatnaði o.fl. fer fram á miðvikudögum frá kl. 14 -17. Aðra virka daga er skrifstofan opin frá kl. 10 – 15. Skrifstofa Mæðrastyrksnefndar er að Hátúni 12, 105 Reykjavík, sími 551-4349 og netfangið er maedur@simnet.is

Hjálparstarf Kirkjunnar:

Hjálparstofnun kirkjunnar tekur á móti fólki sem sækir um félagslega eða fjárhagslega aðstoð. Þar er hægt að fá ráðgjöf og í boði er mataraðstoð, aðstoð við að leysa út lyf, fatnaður og fleira. Í fyrsta sinn sem sótt er um aðstoð þarf að hafa samband við prest sem kemur umsókninni til Hjálparstarfsins en hefur um leið möguleika á að veita viðkomandi sálgæslu. Eftir það getur fólk komið tvisvar til viðbótar yfir árið auk þess að sækja beint um jólaaðstoð. Þurfi manneskja að koma oftar er farið í gegnum fjárhag og allar aðstæður fólks og leita langtíma lausna. Er þá gjarnan unnið með öðrum stofnunum og félagasamtökum að varanlegri lausn. Hægt er að panta tíma hjá félagsráðgjafa sem metur þörf fyrir úthlutun, úthlutað er á miðvikudögum. Skrifstofa Hjálparstarfs Kirkjunnar er að Háaleitisbrut 66, 103 Reykjavík. Síminn er 528-4400 og heimasíðan er www.help.is

Hjálpræðisherinn:

Gistiheimili Hjálpræðishersins er að Kirkjustræti 2 í Reykjavík en þar er hægt að nýta sér ódýra gistingu. Jafnframt er hægt að fá úthlutað föt þar, fara í bað og nota þvottaaðstöðu sér að kostnaðarlausu. Síminn þar er 552-0788 og heimasíðan þeirra er www.herinn.is

Konukot:

Næturathvarf fyrir heimilislausar konur rekið af Rauða krossinum. Þvotta- og hreinlætisaðstaða fyrir næturgesti og boðið er upp á léttan kvöld- og morgunverð. Fataflokkunarstöð Rauða krossins útvegar föt, ef á þarf að halda. Öll neysl áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í húsinu. Opið er alla daga ársins frá kl. 17.00 – 12.00 Konukot er að Eskihlíð 4 í Reykjavík. Síminn þar er 511-5150, heimasíðan er www.redcross.is/reykjavik

Gistiskýlið Þinholtsstræti:

Gistiskýli fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem eru heimlislausir. Veitt er húsaskjól og morgunmat. Gestir verða að vera komnir í húsið kl. 24.00. Á veturna er opið allan sólarhringinn ern á sumrin er lokað á milli kl. 10.00 – 17.00. Gistiskýlið er að Þinholtsstræti 25, síminn þar er 561-0477

Kaffistofa Samhjálp:

Kaffistofa Samhjálpur býður upp á ókeypis máltíðir fyrir utangarðsfólk og aðra aðstöðulausa. Afgreiðslutíminn er á milli kl. 10.00 – 17.00 alla virka daga og um helgar á milli kl. 11.00 – 16.00. Á jólum, áramótum og páskum hefur einnig verið boðið upp á ókeypis máltíðir. Kaffistofan er að Borgartúni 1 í Reykjavík, síminn þar er 561-1000 og heimasíðan er www.samhjalp.is

Matarkarfan.is:

Á heimasíðunni www.matarkarfan.is eru flest öll gildandi tilboð á matvörumarkaðnum samankomin á einum stað. Heimasíðan eykur talsvert gagnsæi á matvörumarkaðnum og er til mikilla hagsbóta fyrir neytendur. Matarkarfan.is er hlutlaus heimasíða sem auðveldar neytendum að gera hagstæð kaup, með því að gera tilboðin einstaklega aðgengileg á einum stað

Atvinnuupplýsingar

Vinnumálastofnun:

Á vefsíðu Vinnumálastofnunar eru ýmsar upplýsingar, til dæmis eru auglýst laus störf á vefsíðunni, jafnframt er hægt að nálgast allar upplýsingar er varða atvinnuleysisbætur. Vinnumálastofnun er að Kringlunni 1 í Reykjavík, síminn þar er 515-4800, heimasíðan er <http://www.vinnumalastofnun.is/heim/>

Ráðningarþjónustur:

Capacent	http://capacent.is/
Hagvangur	http://www.hagvangur.is/
HH Ráðgjöf, ráðningarþjónusta	http://www.hhr.is/
Mannval	http://www.mannval.is/sib.asp
Ráðningarþjónustan	http://radning.is/
STRÁ MRI	http://www.stra.is/newweb/storf_main.asp
Vinna.is, atvinnumiðlun	http://vinna.is/

Aðrar upplýsingar um laus störf:

Job.is, starfatorg	http://job.is/is/
Atvinnuauglýsingar Morgunblaðsins	http://mbl.is/mm/atvinna/
Atvinnuauglýsingar á visir.is	http://visir.is/section/RAD
Ríkið	http://www.starfatorg.is/

Upplýsingar um nám og námsleiðir:

Iðan	http://idan.is/
Mennt	http://www.lme.is/
Menntagátt	http://menntagatt.is/
Háskóli Íslands	http://www.hi.is/
Háskólinn í Reykjavík	http://www.ru.is/
Háskólinn á Bifröst	http://bifrost.is/
Keilir	http://www.keilir.net/
Háskólinn á Akureyri	http://www.unak.is/
Landbúnaðarháskólinn	http://www.lbhi.is/
Listaháskóli Íslands	http://lhi.is/